



# Framkvæmda- fréttir

9. tbl. /04



Þjóðvegir 2004, sjá kort í miðopnu

Hringvegur (1) um Háreksstaðaleið. Stofnvegur.

## Auglýsingar útboða

### Brekkuselsvegur (8009), Böggvisbraut - Brekkusel 04-019

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Brekkuselsvegur (8009) frá Böggvisbraut að Brekkuseli. Um er að ræða nýbyggingu á um 0,8 km löngum kafla frá gatnamótum Böggvisbrautar og Mímisvegar á Dalvík.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	4.700 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	3.500 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	550 m <sup>3</sup>
Klæðing	4.920 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	11.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Miðhúsavegi 1, Akureyri, og Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með 5. apríl 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. apríl 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Brú á Víðidalsá hjá Kolugili, sandblástur og málun 04-036

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið „Brú á Víðidalsá hjá Kolugili, sandblástur og málun“. Um er að ræða ríflega 37 m brú. Verkið felst í sandblæstri og málun stálvirkis í brúnni ásamt endurnýjunar á gólfi og handriði. Loka þarf brúnni tímabundið meðan á verki stendur.

Helstu magntölur eru:

Sandblástur	212 m <sup>2</sup>
Málun	212 m <sup>2</sup>
Slitgólf	740 m
Plankar	780 m
Þvertré	98 stk
Vegrið	96 m

Verki skal að fullu lokið 10. júlí 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgarsíðu 8, Sauðárkróki, og Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með 5. apríl 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. apríl 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 9. tbl. 12. árg. nr. 366 5. apríl 2004

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-  
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,  
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og  
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem  
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.  
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.  
Áskrift er endurgjaldslaus.



Mjóafjarðarvegur (953), tengivegur.



Landmannaleið (F225), landsvegur.



Klofningsvegur (590), tengivegur.



Kjalvegur (35) við Hvítá, landsvegur.

## Vegflokkar, sjá kort í miðopnu

Í miðopnu þessa blaðs er kort sem sýnir hvernig þjóðvegakerfinu er skipt upp í flokka, þ.e. stofnvegi, tengivegi og landsvegi. Fjórði flokkurinn safnvegir eru ekki merktir á kortið. Vegaskrá og upplýsingar um skiptingu vegakerfis í vegflokkum og vegalengdir er að finna á [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is) undir „vegakerfið“.

Samkvæmt vegalögum (nr.45/1994) er vegakerfi landsins skipt í þjóðvegi annars vegar og almenna vegi, einkavegi, reiðvegi og hjólreiða- og göngustíga hins vegar.

### Þjóðvegir

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega en veghald merkir forræði yfir vegi (vegagerð, þjónusta og viðhald). Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá. Þeir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Þjóðvegum er skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum.

### Stofnvegir

Vegir sem ná til 1.000 íbúa svæðis og tengja slík svæði saman. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kaupsýna sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um vegi sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1.000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200-400 íbúa ef tenging er ekki lengri en sem svarar 5 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

### Tengivegir

Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef um er að ræða veg í kaupstað eða kaupsýni. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð. Þar sem tengivegur tengir þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins. Vegir að flugvöllum þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug og vegir að höfnum og bryggjum, ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar, skulu einnig vera tengivegir ef þeir eru ekki stofnvegir samkvæmt skilgreiningu um þann vegflokk.

### Safnvegir

Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til safnvega teljast: Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð. Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa.

### Landsvegir

Til þessa vegflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða

vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árs-tíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

## Almennir vegir, einkavegir, reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar

Eigendur almennra vega, einkavega, reiðvega og hjólreiða- og göngustíga hafa veghald þeirra. Almennir vegir eru í eigu opinberra aðila og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Einkavegir eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Reiðvegir eru einkum ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Til reiðvega skal og veita fé í vegáætlun. Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Í vegáætlun er heimilt að veita fé til eftirfarandi samgöngu-leiða:

Gatna í þéttbýli, vega yfir fjöll og heiðar, vega að bryggjum, eyðibýlum, flugvöllum, skipbrotsmannaskýlum, skíðaskálum og skíðasvæðum og vega að fjallaskilaréttum. Ennfremur til vega að leitarmannaskálum, fjallaskálum, fullgerðum orkuverum og félagsheimilum, einnig til vega að og innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða, og ferja.

## Auglýsingar útboða

### Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004 - 2005 04-015

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirborðsmerkingar með sprautuplasti á Reykjanesi, Suðurlandi og Austurlandi.

Helstu magntölur eru:

Yfirborðsmerkingar . . . . . 1.600 km

Verki skal að fullu lokið 1. október 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgarsíðu 8, Sauðárkróki, og Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með 5. apríl 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. apríl 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Sláttur vegsvæða á Suðvestursvæði 2004-2005 04-038

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í slátt vegsvæða á Suðvestursvæði á árunum 2004 til 2005.

Helstu magntölur eru:

Slegið flatarmál, fjórir slættir . . . . . 152.500 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með 5. apríl 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. apríl 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Dragvegur (520) í Skorradal, tengivegur.



Tröllatunguvegur (605) séð til Breiðafjarðar, landsvegur.



Hringvegur (1) við Grundartanga, stofnvegur.



Gjábakkavegur (365), stofnvegur.

# VEGAKERFIÐ





## Niðurstöður útboða

### Nesbraut (49),

#### færsla Hringbrautar 01-017

Tilboð opnuð 30. mars 2004. Vegagerðin og Reykjavíkurborg. Færsla Hringbrautar í Reykjavík, frá Rauðarárstíg að Tjörninni (Þorfinnstjörn) og aðlögun að aðliggjandi götum, ásamt breytingum á gömlu Hringbraut og tengingum við hana. Verkið felst í að gera nýja Hringbraut í Reykjavík sunnan við núverandi Hringbraut (hér eftir kölluð gamla Hringbraut), neðan við lóð Landspítalans og BSÍ. Hin nýja Hringbraut verður lögð undir núverandi Bústaðarveggarbrú að austanverðu og tengd nýjum gatnamótum Njarðargötu vestanmegin. Nyrðri akbraut gömlu Hringbrautar verður lögð af og syðri akbraut gerð að tvístefnugötu. Endurgera þarf allar tengingar inn á gömlu Hringbraut. Gera skal hringtorg á mótum Njarðargötu og Sóleyjargötu. Byggð verða undirgöng fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur undir Snorrabraut og undir suðvestur rampa og slaufu. Þá verða byggðar tvær göngubrýr yfir Hringbraut og ein yfir Njarðargötu ásamt göngubrú yfir læk sem tengir Vatnsmyrarstjörn og Þorfinnstjörn. Byggðir verða stoðveggir undir og við brú á Bústaðavegi svo og við Miklubraut. Leggja skal lagnir veitustofnana OR og LÍ.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. október 2005. Útboðið var auglýst á Evrópska efnahagsvæðinu.

Helstu magntölur vegahluta eru:

Bergskeringar	20.000 m <sup>3</sup>
Fylling	140.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	35.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	11.000 m <sup>3</sup>
Malbik	115.000 m <sup>2</sup>
Kantsteinar	11.000 m
Ofanvatnsræsi	6.000 m

Helstu magntölur steypra mannvirkja eru:

Mótaflétir	7.000 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarjárn	220 tonn
Spennistál	10.630 kg
Smíðastál	10.000 kg
Steinsteypa	1.770 m <sup>3</sup>
Steyptir staurar	171 m

Helstu magntölur Orkuveitunnar eru:

Pípulögn hitaveitu	3.160 m
Vatnslagnir	1.785 m
Strengjalagnir	6.920 m
Ídráttarrör	4.500 m

Helstu magntölur Landsíma Íslands eru:

Rör	10.460 m
Brunnar	15 stk.
Strengir lagðir í skurð	5.230 m
Strengir dregnir í rör	3.570 m

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Ístak hf., Reykjavík	1.427.044.566	109,8	250.745
4 Íslenskir aðalverk- takar hf., Reykjavík	1.373.529.784	105,7	197.230
3 Jarðvélar ehf., Kópavogi	1.363.722.150	104,9	187.422
--- Áætlaður verktakakostnaður	1.300.000.000	100,0	123.700
2 Loftorka Reykja- vík ehf. og Suðurverk ehf.	1.277.309.749	98,3	101.010
1 Háfell ehf. og Eykt ehf., Reykjavík	1.176.300.000	90,5	0

## Efnisvinnsla

### á Vestfjörðum 2004 04-022

Tilboð opnuð 30. mars 2004. Vegagerðin. Um er að ræða sprengingu og mölun efnis af mismunandi gerð. Vinnslu-  
svæðið er að mestu á milli Hólmavíkur og Þingeyrar. Verkinu er skipt upp í þrjá verkhluta sem heimilt er að bjóða í sérstaklega hvern fyrir sig eða saman.

Helstu magntölur eru:

hluti	mölun bergskering	
<b>A</b> Burðalagsefni og slitlagsefni		
Strandasýslu	25.000 m <sup>3</sup>	20.000 m <sup>3</sup>
<b>B</b> Malarslitlagsefni		
Strandasýslu	16.000 m <sup>3</sup>	
<b>C</b> Burðarlagsefni og slitlags- efni í nágrenni Ísafjarðar	12.000 m <sup>3</sup>	5.000 m <sup>3</sup>
Samtals	53.000 m <sup>3</sup>	25.000 m <sup>3</sup>

Í öllum verkhlutum þarf að skila einni námu 1. júlí 2004, en verkinu í heild á að vera að fullu lokið 1. júlí 2005.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
<b>Hluti A</b>			
4 Hörður Þór Ástþórsson, Reykjavík	63.100.000	159,4	27.150
3 Björn og Gylfi sf., Reykjavík	40.744.000	102,9	4.794
--- Áætlaður verktakakostnaður	39.587.500	100,0	3.638
2 Tak - Malbik ehf., Borgarnesi	38.632.500	97,6	2.683
1 Sigurþór P. Þórisson, Patreksfirði	35.950.000	90,8	0
<b>Hluti B</b>			
4 Björn og Gylfi sf., Reykjavík	14.450.000	112,9	2.450
3 Tak - Malbik ehf., Borgarnesi	13.440.000	105,0	1.440
--- Áætlaður verktakakostnaður	12.800.000	100,0	800
2 Sigurþór P. Þórisson, Patreksfirði	12.440.000	97,2	440
1 Hörður Þór Ástþórsson, Reykjavík	12.000.000	93,8	0
<b>Hluti C</b>			
4 Hörður Þór Ástþórsson, Reykjavík	43.540.744	186,8	22.917
--- Áætlaður verktakakostnaður	23.312.500	100,0	2.689
3 Björn og Gylfi sf., Reykjavík	23.043.000	98,8	2.419
2 Tak - Malbik ehf., Borgarnesi	22.907.000	98,3	2.283
1 Sigurþór P. Þórisson, Patreksfirði	20.624.000	88,5	0
<b>Samtals A, B og C</b>			
6 Hörður Þór Ástþórsson, Reykjavík	106.640.744	140,9	37.627
5 Myllan ehf., Egilsstöðum	89.700.000	118,5	20.686
4 Króksverk ehf., Sauðárkróki	82.035.000	108,4	13.021
3 Björn og Gylfi sf., Reykjavík	78.237.000	103,4	9.223
--- Áætlaður verktakakostnaður	75.700.000	100,0	6.686
2 Tak - Malbik ehf., Borgarnesi	74.979.500	99,0	5.966
1 Sigurþór P. Þórisson, Patreksfirði	69.014.000	91,2	0

## Laugarvatnsvegur (37),

### brú á Brúará <sup>03-091</sup>

Tilboð opnuð 23. mars 2004. Vegagerðin. Bygging brúar á Brúará á Laugarvatnsvegi (37). Brúin er 40 m steipt bitabrá í tveimur höfum.

Helstu magnþölur eru:

Gröftur: .....	1.200 m <sup>3</sup>
vegrið: .....	152 m
mótafletir: .....	1.015 m <sup>2</sup>
steypustyrktarjárn: .....	31 tonn
spennt járnalögn: .....	6,8 tonn
steypa: .....	409 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Klakkur ehf., Vík	50.662.930	107,6	16.568
---	Áætlaður			
	verktakakostnaður	47.081.282	100,0	12.986
3	Brú verktakar ehf., Reykjavík	40.701.859	86,5	6.607
2	Mikael ehf., Hornafirði	37.575.680	79,8	3.481
1	H.B. Harðarson ehf., Reykjavík	34.095.100	72,4	0

## Malbikun á Ísafirði 2004 <sup>04-031</sup>

Tilboð opnuð 30. mars 2004. Vegagerðin. Verkið „Malbikun á Ísafirði 2004“.

Um er að ræða innflutning steinefna, framleiðslu malbiks og útlögn. Fyrst og fremst er um yfirlagnir að ræða.

Langstærsti hluti verksins er á Ísafirði, lítill hluti í Súðavík, á Flateyri, í Bolungarvík og á Þingeyri.

Helstu magnþölur eru:

Framleiðsla malbiks .....	7.000 tonn
útlögn .....	65.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Króksverk ehf., Sauðárkróki	109.953.070	110,7	2.618
1	Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf.	107.335.200	108,1	0
---	Áætlaður			
	verktakakostnaður	99.331.490	100,0	-8.004

## Auglýsingar útboða

### Efnisvinnsla á

### Suðursvæði 2004 <sup>04-033</sup>

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið „Efnisvinnsla á Suðursvæði 2004“. Malað verður í 5 námum.

Helstu magnþölur eru:

Klæðingarefni .....	8.000 m <sup>3</sup>
Malarslitlag .....	4.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag .....	25.000 m <sup>3</sup>
Samtals .....	37.000 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Breiðumýri 2, Selfossi, og Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með 5. apríl 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. apríl 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Auglýsingar útboða

### Vetrarþjónusta, Brjánslækur - Bíldudalur, og bleyting í Barða- strandarsýslu 2004-2007 <sup>04-040</sup>

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur og bleytingu innan ramma marksamnings. Snjómokstur á Barðastrandarvegi (62) frá Brjánslæk að hafnarvæði á Patreksfirði, á Bíldudalsvegi (63) frá Patreksfirði til Bíldudals, á Tálknafjarðarvegi (617) að Tálknafirði og Örlygshafnarvegi (612) frá Barðastrandarvegi að Gjögurum. Verktaki skal einnig framkvæma bleytingu með sjó/vatni í Barðastrandarsýslu.

Helstu magnþölur (miðast við eitt ár) eru:

Snjómokstur .....	13.000 km
Bleyting .....	6.000 km

Verki skal að fullu lokið 31. maí 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Dagverðardal, Ísafirði, og Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 5. apríl 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. apríl 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Yfirlagnir á Austurlandi 2004 <sup>04-035</sup>

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið „Yfirlagnir á Austurlandi 2004“. Um er að ræða yfirlögn, nýlögn og viðgerðir með klæðingu.

Helstu magnþölur eru:

Yfirlögn .....	660.000 m <sup>2</sup>
Klæðing neðra lag .....	4.900 m <sup>2</sup>
Hjólfaralögn .....	1.100 m <sup>2</sup>
Bætur og ræmur .....	60.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Búðareyri 11-13, Reyðarfirði, og Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 5. apríl 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. apríl 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Í þessu blaði eru birtar niðurstöður útboðs efnisvinnslu á Vestfjörðum og auglýst útboð efnisvinnslu á Suðursvæði. Myndin sýnir efnisvinnslu hjá Vestfjarðavegi (60) í Djúpadal í ágúst 1994.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmda eildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-037 Vetrarþjónusta Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur og Varmahlíð - Norðurá	04
04-039 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut	04
04-041 Reykjanesbraut (41), breikkun, Kaplakriki - Lækjargata	04
04-034 Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar	04
04-016 Grenivíkurvegur (83), snjóstaðir	04
04-008 Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	04
04-028 Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004	04
04-029 Mölburður með malaradreifara á Norðurlandi eystra 2004	04
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
04-021 Yfirlagnir á Vestfjörðum 2004	04
04-024 Landgræðsla á Vestfjörðum 2004	04
03-033 Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Hörgá	04
04-005 Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	04
04-014 Klæðingar á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-013 Mölburður með malaradreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-007 Þverárfjallsvegur (744), Tunga - Sauðárkrókur 2004-2005	04
04-012 Landgræðsla á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-010 Efrabyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	04
04-017 Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut	04
04-009 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004-2005	04
04-011 Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004	04
04-002 Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	04
03-090 Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	04
03-080 Hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	04
03-095 Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	04

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst: dagur, mánuður, ár
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki	04
03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi	04
03-017 Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar	04


Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
04-036 Brú á Víðidalssá hjá Kologili, sandblástur og málun	05.04.04	20.04.04
04-038 Sláttur vegsvæða á Suðvestur-svæði 2004-2005	05.04.04	20.04.04
04-040 Vetrarþjónusta Brjánslækur - Bíldudalur og bleyting í Barðastrandarsýslu 2004-2007	05.04.04	20.04.04
04-015 Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005	05.04.04	20.04.04
04-019 Brekkuselsvegur að skíðasvæði Dalvíkur	05.04.04	20.04.04
04-035 Yfirlagnir á Austurlandi 2004	05.04.04	20.04.04
04-033 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2004	05.04.04	20.04.04
04-027 Mjóafjarðarferja 2004-2006	22.03.04	06.04.04
04-025 Snjómokstur og hálkuvörn á suðvesturhluta Suðursvæðis 2004-2009	22.03.04	06.04.04
04-026 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, eftirlit	08.03.04	06.04.04

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
04-022 Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004	15.03.04	30.03.04
04-031 Malbikun á Ísafirði 2004	08.03.04	30.03.04
01-017 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	01.03.04	30.03.04
03-091 Laugarvatnsvegur (37), brú á Brúará	01.03.04	23.03.04
04-020 Drangsnesvegur (645), Skárúklettanes - Fiskines	23.02.04	09.03.04

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
03-100 Kringlumýrarbraut - Miklabraut, frumdrög og mat á umhverfisáhrifum Línuhönnun hf.	03.02.04	18.03.04



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 29. mars 2004. Samtals er búið að sprengja 3.613 m sem gerir 63,5%.